

GJALDSKRÁ

**fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu, stofngjald
og heimæðargjald í Vesturbyggð.**

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Vesturbyggð sem tengdar eru vatnsveitu Vesturbyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,45% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,50% af fasteignamati allra annarra fasteigna og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 47/2000, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Notkunargjald.

Notkunargjald (aukavatnsgjald) er 16,65 kr./m³ miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 128,1 stig og breytist árlega og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	7.540 kr.
20-24 mm	9.995 kr.
25-31 mm	12.592 kr.
32-39 mm	15.056 kr.
40-49 mm	20.120 kr.
50-74 mm	60.090 kr.
75-99 mm	65.552 kr.
100 mm og stærri	70.614 kr.

Mælaleiga er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 128,1 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

Stofngjald.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengjast vatnsveitu í eigu Vesturbyggðar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir á hverja tengingu:

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Grunngjald</i>	<i>m³-gjald</i>	<i>Athugasemd</i>
A. Íbúðarhúsnaði, verslun og þjónusta	67.343 kr.	45 kr.	af umfram 400 m ³
B. Iðnaðar-, atvinnu- og annað húsnæði	89.790 kr.	45 kr.	af umfram 400 m ³

7. gr.

Heimæðargjald.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	270.616 kr.	5.790 kr.
40 mm	351.409 kr.	6.595 kr.
50 mm	473.931 kr.	7.408 kr.
63 mm	665.111 kr.	9.159 kr.
75 mm	930.339 kr.	12.787 kr.
90 mm	1.125.584 kr.	20.197 kr.
100 mm	1.328.857 kr.	23.234 kr.
110 mm	1.551.344 kr.	31.021 kr.

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og viðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 128,1 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

8. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitir sveitarfélaga, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

9. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn vatnsveitu Vesturbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitir sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1266/2014.

Vesturbyggð, 9. desember 2015.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri.